

Nd.

**750. Breytingartillögur**

[170. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Fimm manna bankaráð fer með stjórn Búnaðarbanka Íslands.  
Sameinað Alþingi kýs 4 bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn bankaráðsmann eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda. Á sama hátt skal kjósa og skipa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi aðalmanna, til fjögurra ára í senn.
2. Við 82. gr. Á eftir orðunum „nr. 64 1961“ komi: 1. og 2. efnismálgrein 1. gr. l. nr. 48 1960.
3. Á eftir 82. gr. komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru eða skipaðir í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1965. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.